

Varpfuglar í Þorskafirði og Djúpafirði sumarið 2012

Unnið fyrir Vegagerðina

Cristian Gallo
Hafdís Sturlaugsdóttir

Janúar 2016
NV nr. 7-16

Útdráttur

Fyrirhuguð er vegagerð frá Bjarkalundi að Skálanesi í Gufufirði í Reykhólahreppi og er framkvæmdin matskyld. Í tillögu að matsáætlun árið 2012 voru kynntar þrjár nýjar línur. Ein sem liggur út með Þorskafirði að sunnanverðu og þverar fjörðinn á milli Laugalands og Grenitrésness. Tvær jarðgangaleiðir undir Hjallaháls voru kynntar. Vegagerðin óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að fuglalíf yrði kannað með tilliti til þessara veglína sem hún gerði sumarið 2012.

Lagt var út punktarnið meðfram fyrirhuguðum veglínunum og hver punktur var síðan genginn og fuglar taldir á punktinum. Einnig voru skráðar athuganir á milli punkta t.d. ef fannst hreiður. Á milli hverja punkta voru um 300 m. Á hverjum punkti voru allir fuglar skráðir sem sáust/heyrðust innan fimm mínútna. Mæld var fjarlægð í hvern fugl með fjarlægðarkíkir.

Samtals sáust 503 fuglar á 55 punktum í sunnanverðum Þorskafirði þann 31. maí 2012. Tegundirnar voru 24 en að auki sáust tvær tegundir til viðbótar á milli punkta. Á þessum punktum voru 13 tegundir í varpi eða töldust líklegir varpfuglar. Frá Hálsá í Djúpafirði að Grenitrésnesi sáust 13 tegundir á punktunum.

Fuglalíf í sunnaverðum Þorskafirði er dæmigert mófuglasamfélag þar sem þúfuttlingur er algengastur og eftir koma hrossagaukur, heiðlóa og spói. Við Grenitrésnesi í norðanverðum Þorskafirði var skógarþröstur algengastur og þar á eftir þúfuttlingur og hrossagaukur. Tjaldar voru í varpi við ströndina og á klettagöngum. Í austanverðum Djúpafirði var þúfuttlingur algengastur eins og víða annars staðar. Næst komu heiðlóa og hrossagaukur og svipar fuglalífið til svæðis A í sunnanverðum Þorskafirði. Hrafnar sáust á svæðinu en ekki sást neinn varpstaður nálægt fyrirhuguð vegstæði.

Fuglar sáust á öllum veglínunum sem eru á valista: hrafn, grágæs, svartbakur og gulönd. Þessar tegundir er líklega ekki í hættu vegna vegagerðar. Örn sást einnig á rannsóknarsvæðinu en um hann er fjallað í skýrslu um erni og vegagerð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Rannsóknarsvæðið	4
Aðferðir	5
Niðurstöður	6
Talning 24. maí	6
Talning 30.-31. maí	7
Sunnan verður Þorskafjörður	7
Djúpifjörður og Hallsteinsnes	8
Umræður	9
Vernd og verndarákvæði fyrir fugla	10
Vegagerð og fuglar	10
Leið I: Sunnanverður Þorskafjörður	10
Leið A1: Reykjanes-Skálanes	11
Jarðgangaleiðir (D2 og H) undir Hjallaháls	11
Heimildir	12

Inngangur

Fyrirhuguð er vegagerð frá Bjarkalundi að Skálanesi í Gufufirði í Reykhólahreppi og er framkvæmdin matskyld. Í tillögu að matsáætlun árið 2012 (Helga Aðalgeirsdóttir og Kristján Kristjánsson 2012) voru kynntar þrjár nýjar línur. Ein sem liggur út með Þorskafirði að sunnanverðu og þverar fjörðinn á milli Laugalands og Grenitrésness. Tvær jarðgangaleiðir undir Hjallaháls voru kynntar. Vegagerðin óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að fuglalíf yrði kannað með tilliti til þessara veglína sem hún gerði sumarið 2012.

Ný tillaga að matsáætlun var kynnt haustið 2015 en þar hafa orðið lítilsháttar breytingar á þessum þremur línur frá því tillagan var kynnt 2012. Einnig hefur bæst við veglína frá Reykjanesi að Skálanesi (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl. 2015).

Varpfuglar hafa verið kannaðir vegna vegagerðar frá Þorskafirði að Vatnsfirði í norðanverðum Breiðafirði (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005, Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008a, 2008b, Þorleifur Eiríksson 2001). Í þessum athugunum hafa verið lagðar áherslur að kanna hvaða tegundir eru við fyrirhuguð vegstæði, varpstöðu þeirra og hvort um sé að ræða tegundir sem njóta sérstakar verndunar eða búsvæði þeirra eins og kemur fram í valista um fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Rannsóknarsvæðið

Fuglalífið var kannað út frá tveimur megin leiðum sumarið 2012. Ein möguleg veglína er leið I, sem liggur frá Bjarkalundi að Laugalandi í sunnanverðum Þorskafirði, með vegtengingu að Stað. Önnur leið er jarðgangagerð undir Hjallaháls. Þar eru tveir mögulegir kostir fyrir gangamunna í Djúpafirði: annar kosturinn er við Hálsá (D2) og liggur vegstæðið í framhaldi um Djúpafjarðarbotn og yfir Ódrjúgsháls. Hinn kosturinn (leið H) er með gangamunnann utar í Djúpafirði og liggur fyrirhugað vegstæði út austanverðan fjörðinn og þverar hann við mynni hans. Þessar línur má sjá gróflega á mynd 1 en frekar útlistun má finna í tillögu að matsáætlun (Helga Aðalgeirsdóttir ogfl. 2015). Fuglalífið var að mestu kannað árið 2003 þar sem jarðgangaleiðirnar eru (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005) nema á kafla í austanverðum Djúpafirði (leið H).

Þegar athuganir fóru fram sumarið 2012 var ekki gert ráð fyrir athugunum á fuglum vegna þverunar frá Reykjanesi að Skálanesi (leið A1). Leið A1 liggur eins og leið I nema við Lyngey. Því eru niðurstöður og umfjöllun að mestu sú sama fyrir leið I og A1.

Frá Bjarkalundi að Laugalandshrauni er graslendi, smárunnar og birki. Nær Laugalandshrauninu setja klettaborgir og skriður mark sitt á landslagið. Einnig er svæðið mýrlendara nær hrauninu. Laugalandshraunið sjálft er mosagróið með smárunnum og lyngbrekkum inn á milli. Þegar komið er nær Árbæ og Stað þá er svæðið að mestu tún (Hafdís Sturlaugsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2013).

Rannsóknasvæði vegna jarðgangagerðar er frá Hálsá að Hallsteinsnesi í Djúpafirði. Í Djúpafirði er birki innan við Hálsá en graslendi og lyngmói utan við þangað til kemur að Hallsteinsnesi en þar taka við smárunnar og birki (Hafdís Sturlaugsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2013).



Mynd 1. Mögulegar veglínur.

Aðferðir

Í fyrri athugun vegna umhverfismats voru fuglar skráðir í fyrirhuguðu vegstæði og lagt mat á hugsanleg áhrif vegagerðar (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005). Til grundvallar fyrir matinu var verndargildi þeirra tegundar sem sást og hvort sérstök eða sjaldgæf búsvæði fugla gætu raskast (sjá Náttúrufræðistofnun Íslands 2000, lög um Náttúruvernd 44/1999). Sami háttur er hafður í þessari rannsókn.

Við athugun á rauðbrystingum (*Calidris canutus*) þann 24. maí 2012 (Böðvar Þórisson 2015) var ljóst að sumar fuglategundir voru byrjaðar í varpi eða voru að hefja varp. Vorið hafði verið hlýtt og það spáði vel um mánaðarmótin maí/júní, var því ákveðið að gera athuganir dagana 30. og 31. maí. Fuglar voru einnig skráðir við Laugaland og Grenitrésnes þann 24. maí og eru niðurstöður birtar hér fyrir utan talningar á rauðbrystingum en þær eru í annarri skýrslu (Böðvar Þórisson 2015).

Athuganir þann 30. maí náðu frá Hálsá í Djúpafirði að Grenitrésnesi Þorskafirði (kl 16:10-19:30). Þann 31. maí var svæðið frá Bjarkalundi að Stað í sunnanverðum Þorskafirði athugað (kl 05:40-12:00). Rannsóknarsvæðin voru síðan skipt niður í nokkur minni svæði út frá búsvæðum.

Lagt var út punktasið meðfram fyrirhuguðum veglínunum og hver punktur var síðan genginn og fuglar taldir á punktinum. Einnig voru skráðar athuganir á milli punkta t.d. ef fannst hreiður. Á milli hverja punkta voru um 300 m. Á hverjum punkti voru allir fuglar skráðir sem sáust/heyrðust innan fimm mínútna. Mæld var fjarlægð í hvern fugl með fjarlægðarkíkir (Leica LRF 1200 Scan).

Niðurstöður

Talning 24. maí

Talið var við Hákarlaströnd að Laugalandi í sunnanverðum Þorskafirði. Æðarfugl var mest áberandi á þessum kafla. Lítið af fugli sást í fjörunni fyrir utan rauðbrysting á nokkrum stöðum. Eitt tjaldspar (*Haematopus ostralegus*) fannst verpandi við Laugaland og annað par var varplegt. Almennt sýndu flestir mófuglar á svæðinu varpatferli en líklega fæstir byrjaðir í varpi fyrir utan tjald (tafla 2).

Frá Grenitrésnesi að Hallsteinsnesi sáust nokkrir tjaldar sem voru varplegir. Eitt hreiður fannst með einu eggi við Grenitrésnesið. Æðarfugl (*Somateria mollissima*) og dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*) sáust langt út á sjó en voru ekki taldir (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi fugla sem sáust við athugun 24. maí 2012, fyrir utan rauðbrysting. Ekki talið = x.

Tegund	Latneskt heiti	Laugaland	Hallsteinsnes-Grenitrésnes
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	78 ^a	
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	2	x
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		302 (í Djúpfafirði)
Grágæs	<i>Anser anser</i>	6 ^b	17 ^e
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	11 (2 pör, 4♂1♀) ^e	10
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	3 (par, ♂) ^e	4 (pör) ^d
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	3 (♂)	1 (♂)
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	167 ^d	x
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	2 (par)	
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	2 (par)	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	3 (par, ♂) ^e	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	16 ^c	7 ^c
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		1 ^e
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	8 ^d	
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	2 ^e	1
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	6 ^d	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	3 ^d	3 ^d
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	5 ^d	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	13 ^d	4 ^d
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>		1 (♂) ^d
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	4	1
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		4 ^d
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	5	19 ^e
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	1 ^e	1 ^d
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	8 ^e	
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	2 ^e	
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>		1 ^d
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	8 ^d	1 ^d
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1 ^d	1 ^d
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	3 ^d	
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	3 ^d	1 ^e
Fjöldi tegunda		27	21

a = Sitjandi í klettum, varplegir.

b = Ein grágæs liggur á í einu hólma.

c = Staðfest varp hjá a.m.k. einu pari.

d = Líklega varpfugl.

e = Gæti orpið.

Talning 30.-31. maí**Sunnanverður Þorskafjörður**

Samtals sáust 503 fuglar á 55 punktum í sunnanverðum Þorskafirði þann 31. maí 2012. Tegundirnar voru 24 en að auki sáust tvær tegundir til viðbótar á milli punkta. Á þessum punktum voru 13 tegundir í varpi eða töldust líklegir varpfuglar. Til viðbótar fannst hreiður hjá sandlóu við ströndina en hún kom ekki fram í punktatalningu (tafla 2).

Hér fyrir neðan er rannsóknarsvæðið skipt niður í fjögur minni svæði. Fjöldi fugla og óðul fyrir hvert svæði (A-D) má finna í töflu 2. Lýsingar á búsvæðum eru úr skýrslu Hafðísar og Huldu (2013) og við vettvangsskráningu.

Tafla 2. Fjöldi fugla og óðala á 55 punktum í sunnanverðum Þorskafirði. x= tegund sást en kom ekki fram á punkti.

Tegund	Latína	Svæði, fjöldi fugla (fjöldi óðala)				Samt.	Óðul
		A	B	C	D		
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		1	x		1	
Grágæs	<i>Anser anser</i>	1			3	4	
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>			71 (71)		71	71
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1		x	6	7	
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>			x		x	
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>			30	1	31	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>			x	3	3	
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	2 (1)		7 (4)	1(1)	10	6
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	x				x	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	29 (22)	3 (3)	3 (3)	8 (7)	43	35
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	2 (2)		2 (1)	1 (1)	5	4
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	30 (27)	6 (6)	12 (11)	12 (11)	60	55
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	15 (12)		2 (2)	6 (3)	22	17
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	26 (23)	1 (1)	6 (6)	6 (5)	39	35
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	15 (12)		13 (6)	16 (12)	44	30
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>				2	2	
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>			1		1	
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>			7		7	
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>			2	1	3	
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	1				1	
Hrafn	<i>Corvus corax</i>			2	2	4	
Mariúerla	<i>Motacilla alba</i>	1 (1)				1	1
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	5 (4)	1 (1)	1 (1)		7	6
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	70 (62)	12 (12)	22 (18)	10 (8)	114	100
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	10 (10)	9 (8)	2 (2)		21	20
Snjóttittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>			1 (1)		1	1
Samtals fuglar (óðöl) á punktum		208 (176)	33 (31)	184 (126)	78 (48)	502	381
Fjöldi tegunda á punktum		14	6	17	7	24	

Bjarkalundur-Laugalandshraun (A)

Nær Bjarkalundi er birki og fjalldrapi en þegar kemur utar þá breytist búsvæðið og verður graslendi með lyngmóa. Einnig eru tún í rækt í kringum Hofstaði. Á þessu svæði voru taldir 198 fuglar á 29 punktum. Fjöldi tegunda var 14. Ein tegund bættist við á milli punkta.

Þúfutittlingur var langalgengastur en næst komu heiðlóa, hrossagaukur og spói. Þrjár aðrar tegundir voru einnig nokkuð algengar: jaðrakan, steindepill og stelkur. Skógarþröstur sást nær Bjarkalundi en varð ekki vart við hann þegar komið var utar. Ein brandugla sást á milli

Bjarkalundar og Hofsstaða. Niður í fjöru á milli punkta fannst hreiður hjá sandlóu en þetta var eina sandlóan sem var skráð á svæðinu.

Laugalandshraun (B)

Laugalandshraunið skiptist í tvö hraun. Hraunin eru gróin mosa og lyngi en milli þeirra er graslendi með smárunnum. Talið var á sjö punktum í hrauninu og sáust 33 fuglar, sjö tegundir. Þúfutittlingur og steindepill voru algengastir en eftir kom hrossagakur. Sá síðast nefndi sást á jöðrum hraunanna. Ein álfst sást á flugi yfir sjónum.

Laugaland-Lyngey (C)

Lítið undirlendi er við Laugaland og langleiðina að stað á móts við Lyngey. Niður við sjóinn eru votlendisblettir en að mestu er svæðið graslendi með smárunnum, mosi og lyngmói. Við Laugaland eru tún í órækt.

Samtals sáust 184 fuglar á 13 punktum, 17 tegundir. Til viðbótar sáust fimm tegundir í fjörunni eða út á sjó á milli punkta. Taldir voru 71 fyll sem sátu upp í klettum og kunna hafa verið á hreiðri. Fleiri fýlar voru síðan á flugi en voru ekki taldir. Æðarfugl var út á sjó töldust 30 fuglar sem voru innan við 300 m frá athuganda. Þúfutittlingur var algengastur fyrir utan þessar tvær tegundir sem fyrir voru nefndar. Næst á eftir var það stelkur og hrossagakur.

Lyngey-Staður (D)

Svæðið einkennist af túnum í rækt. Nokkrir votlendisblettir eru á svæðinu. Við Árbæ og Stað var vegurinn genginn en tún voru til beggja handa.

Samtals sáust 68 fuglar á sex punktum, 14 tegundir. Að auki sást ein tegund til viðbótar á milli punkta. Stelkur var algengastur, þar á eftir hrossagakur og þúfutittlingur.

Djúpifjörður og Hallsteinsnes

Kannaðir voru fuglar frá Hálsá í Djúpafirði að Hallsteinsnesi og inn að Grenitrésnesi í Þorskafirði. Athugunum var skipt niður á tvö svæði: Grenitrésnes að Hallsteinsnesi (E) og frá Hallsteinsnesi að Hálsá (F). Samtals sáust 13 tegundir á punktum 130 fuglar. Niðurstöður talninga eru í töflu 3.

Hallsteinsnes-Grenitrésnes

Svæðið er birki vaxið og er það sums staðar 2 m hátt þar sem var talið. Ströndin er vogskorin með leiruskikum og flæðitjörnum. Klettagangar eru lyngi- og mosavaxnir.

Talið var á átta punktum og sáust samtals 59 fuglar af 10 tegundum. Að auki sáust tvær tegundir til viðbótar á milli punkta. Algengastur var skógarpröstur og þar á eftir þúfutittlingur. Tjaldar voru varplegir út á klettagöngunum. Á milli talninga sáust tveir ernir á flugi yfir sjónum utan við Grenitrésnes.

Tafla 3. Fjöldi fugla og óðala frá Hálsá í Djúpafirði að Grenitrésnesi í Þorskafirði.

Tegund	Latína	Svæði E	Óðal	Svæði F	Óðal	Samtals
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	x				x
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>			1		1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	3	3	1	1	7
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	4	3	10	8	17
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	7	7	9	9	23
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	2	2			4
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	1	4	4	6
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	4	4	1	1	9
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	1	1			2
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	x				x
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	3				3
Hrafn	<i>Corvus corax</i>			3	(1)	3
Skógaþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	18	15	2	2	35
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>			5	5	5
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	16	14	35	35	65
Samtals fuglar/óðöl		59	50	71	65	130
Fjöldi tegunda á punktum		10		10		13

Hallsteinsnes-Hálsá

Svæðið er birkivaxið við Hallsteinsnes en fer yfir í graslendi og lyngmóa eftir því sem innar dregur. Við Hálsá og innar er aftur komið í birki.

Talið var á 16 punktum og sáust samtals 71 fugla, 10 tegundir. Þúfutittlingur var langalgengastur en þar á eftir var það heiðlóa og hrossagaukur. Tveir hrafnar sáust upp í klettum og gæti hafi verið með óðal. Það var ekki kannað nánar þar sem þeir voru vel fyrir utan áhrifsvæðið.

Umræður

Fuglalíf í sunnaverðum Þorskafirði er dæmigert mófuglasamfélag þar sem þúfutittlingur er algengastur og eftir koma hrossagaukur, heiðlóa og spói. Ein brandugla sást á milli Hofstaða og Bjarkalundar á veiðum. Brandugla verpur við Reykhóla (Reykhólavefurinn 2008) en ekki er ólíklegt að hún verpi einnig í nágrenni við Bjarkalund. Það var þó ekkert sem benti til að hún væri í varpi við fyrirhugað vegstæði.

Fýll var í varpi í klettum utan við Laugaland, a.m.k. 70 pör. Hrafn gæti einnig verið með óðal á svæðinu en það var ekki kannað sértaklega þar sem þessir klettur voru vel fyrir utan áhrifsvæðið. Þegar komið var nær Árbæ og Stað þá breyttist fuglalífið vegna nálægðar við tún. Stelkur og hrossagaukur voru báðir algengari en þúfutittlingur á þessu svæði en annars hafði sá síðar nefndi alltaf vinninginn í fjölda í sunnanverðum Þorskafirði.

Við Grenitrésnesi í norðanverðum Þorskafirði var skógarþröstur algengastur og þar á eftir þúfutittlingur og hrossagaukur. Tjaldur voru í varpi við ströndina og á klettagöngum. Tveir ernir sáust á flugi en fjallað er um arnarvarp í skýrslu Kristins Hauks Skarphéðinssonar (2005). Í austanverðum Djúpafirði var þúfutittlingur algengastur eins og víða annars staðar. Næst komu heiðlóa og hrossagaukur og svipar fuglalífið til svæðis A í sunnanverðum Þorskafirði. Hrafnar sáust á svæðinu en ekki sást neinn varpstaður nálægt fyrirhugað vegstæði.

Vernd og verndarákvæði fyrir fugla

Fuglar og búsvæði þeirra njóta ákveðinnar verndar samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum. Íslendingar bera ábyrgð á mörgum fuglategundum vegna hversu stórt hlutfall af heildarstofnstærð ákveðinna tegunda í Evrópu verpur hér á landi eða fer um landið á leið til varp- og vetrarstöðva. Dæmi um ábyrgðartegundir eru t.d. rauðbrystingur (fargestur), spói og kría (Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012, Ólafur Einarsson o.fl. 2002). Einnig er Ísland aðili að alþjóðlegum samningum er snýr að verndun fugla og búsvæða þeirra. Þetta eru Ramsarsamningurinn um votlendi (Ramsar Convention 1971) og Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr (Council of Europe 1979). Aðild Íslands að þessum samningum öðlaðist gildi 1978 og 1993.

Válisti fugla er skrá um tegundir sem geta verið í hættu og eru flokkarnir fimm: í nokkurri hættu (LR), í yfirvofandi hættu (VU), í hættu (EN) og í bráðri hættu (CR). Fimmti flokkurinn er um tegundir sem verpa ekki lengur á Íslandi og sá síðasti er um útdauðar tegundir (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Rannsóknarsvæðið er á náttúruminjaskrá, nr 303 (Náttúruverndarráð 1996) en nýtur einnig verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar (lög nr. 54/1995). Fuglar njóta síðan einnig verndunar samkvæmt lögum um Náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og lögum nr. 64/1994 (vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum). Ernir njóta sérstakrar verndunar samkvæmt náttúruverndunarlögum en ekki verður fjallað um erni og vegagerð í þessari skýrslu þar sem það er gert í skýrslu Kristins Hauks Skarphéðinssonar (2005).

Í þessari skýrslu er aðeins reynt meta hvort fyrirhugað vegstæði gæti haft áhrif á nærliggjandi varpfugla sem njóta verndunar eða eru tilgreindir í alþjóðlegum samningum sem hér hafa verið nefndir.

Vegagerð og fuglar

Leið I: Sunnanverður Þorskafjörður

Grágæs, gulönd, hrafn og svartbakur eru tegundir í yfirvofandi hættu samkvæmt válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Gulandarpar sást við Laugaland í maí en ekki er vitað um varpstað á svæðinu. Tegundin er aðallega bundin við bergvatnsár og vötn en einnig eitthvað við sjó (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Það verður teljast ólíklegt að vegagerð um svæðið muni hafa áhrif á varp gulandar. Grágæs og svartbakur verpa líklega í hólum og klettatöngum á svæðinu en varpið er líklega lítið. Líklegir varpstaðir hrafna í sunnanverðum Þorskafirði eru upp í klettum sem voru fjarri mögulegri veglínu og því ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á varp hrafna.

Örn sást við Grenitrésnes en samkvæmt válista þá er tegundin er í hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Um arnarvarp á framkvæmdarsvæðinu er fjallað um í skýrslu Kristins Hauks Skarphéðinssonar (2005).

Við berum alþjóðlega ábyrgð á nokkrum tegundum (Ólafur Einarsson o.fl. 2002). Fjöldi fugla þessara tegunda á svæðinu gefa ekki ástæðu til að ætla að svæðið hafi sérstaka þýðingu fyrir stofna þessara tegunda.

Leið I mun líklega hafa lítil áhrif á fugla á válista.

Leið A1: Reykjanes-Skálanes

Leið A1 liggur eins og leið I en fer síðan niður í fjöru við Lyngey og þverar Þorskafjörðinn á milli hennar og utanvert Melaness. Vegtenging verður á milli Lyngeyjar og Stað.

Þar sem þessi leið er eins og leið I þá er vísað til umræðna um þá leið. Það er smá kafli við Lyngey sem er öðruvísi og það svæði var ekki kannað um sumarið 2012. Gerðar voru fjöruathuganir við Lyngey í september 2012 (Náttúrustofa Vestfjarða óbirt gögn) og er því búsvæðið þekkt.

Svæðið við Lyngey er aðallega lyngmói en ströndin er klettótt með leiruflákum. Hrafnaóðal gæti verið í þessum klettum en enginn laupur (hrafnshreiður) sást nærri fyrirhugað vegstæði.

Vegstæði samkvæmt leið A1 mun líklega hafa lítil áhrif á fugla á valista.

Jarðgangaleiðir (D2 og H) undir Hjallaháls

Hrafnar sáust í austanverðum Djúpafirði og er ekki ólíklegt að þeir hafi haft varpstað í klettum á því svæði. Það var þó ekki kannað sérstaklega þar sem það var langt frá fyrirhuguðu vegstæði. Það verður því teljast ólíklegt að framkvæmdin hafi áhrif á varp hrafna á svæðinu ef það skyldi vera óðal þarna.

Þessar leiðir munu líklega hafa lítil eða engin áhrif á fugla sem eru á valista.

Þakkir

Böðvar Þórisson fyrrverandi starfsmaður Náttúrustofunnar sá um hluta af fuglaathugunum og gerð þessara skýrslu en hann hætti hjá stofunni í ágúst 2015.

Heimildir

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-05.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008a. Rauðbrystingur í Barðastrandarsýslum 2006-2007. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1.08.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008b. Fuglaathuganir frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-08.

Council of Europe. 1979. Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Heritage. Bern, Switzerland.

Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hafdís Sturlaugsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir. 2013. Gróðurlendi við nýjar veglínur frá Bjarkalundi að Melanesi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-13.

Helga Aðalgeirsdóttir og Kristján Kristjánsson. 2012. Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Drög að tillögu að Matsáætlun. Vegagerðin.

Helga Aðalgeirsdóttir, Kristján Kristjánsson og Sóley Jónasdóttir. 2015. Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi. Tillaga að Matsáætlun. Vegagerðin.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 2005. Ernir og vegagerð í Djúpafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Válisti 2: fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ramsar Convention. 1971. Convention on Wetlands of international importance Especially as Waterfowls Habitat. Ramsar, Íran.

Þorleifur Eiríksson. 2001. Fuglaathuganir í Kollafirði, Skálmarfirði, Vattarfirði og á Kletthálsi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða.

Netheimild

Reykhólavefurinn. 2008. Tumi bóndi á Reykhólum og leyndarmál branduglunnar. Sótt 25.01.2016

http://www.reykholar.is/frettir/Tumi_bondi_a_Reykholum_og_leyndarmal_branduglunnar/